

- 24** 2. Vestdalsheiði, milli Eyðapinghár í Suðurmúlasýslu og Seyðisfjarðar í Norðurmúlasýslu.
 3. Mývatnsöræfi og Dimmifjallgarður, milli Mývatnssveitar í Þingeyjarsýslu og Vopnafjarðar í Norðurmúlasýslu.
 4. Hallgilsstaðaheiði, milli Sauðaneshrepps í Þingeyjarsýslu og Skeggjastaðahrepps í Norðurmúlasýslu.
 5. Þingmannavegur yfir Vaðlaheiði, milli Kaupangssveitar í Eyjafjarðarsýslu og Fnjóskárdals í Þingeyjarsýslu.
 6. Öxnadalsheiði, milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.
 7. Heljardalsheiði milli Svarfaðardals í Eyjafjarðarsýslu og Kolbeinsdals í Skagafjarðarsýslu.
 8. Siglufjarðarskarð, milli Siglufjarðar í Eyjafjarðarsýslu og Fljóta í Skagafjarðarsýslu.
 9. Vatnsskarð, milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu.
 10. Gönguskarðsvegur yfir Kolugafjall, milli Sauðárhrepps í Skagafjarðarsýslu og Hallárdals í Húnavatnssýslu.

Sjer í lagi lagði amtsráðið það til, að skoðun væri gjörð á Grímsstungnaheiði, og reynt að gjöra veginn yfir hana beinni og styttri; einnig að þessi vegur og þar næst Stórasandsvegur yrðu látnir sitja fyrir vegabótum fjórðunga í milli, en Mývatnsöræfi og Dimmifjallgarður af vegum þeim, sem taldir eru undir staflíð B, með því vegur sá hefir spillzt mjög af eldgosunum 1875.

3. Var öllum sýslum umdæmisins skipt í yfírsetukvenna-um dæmi samkvæmt yfírsetukvennalögum 17. des. 1875, og urðu eftir þessari skiptingu alls 63 yfírsetukvenna-umdæmi í norður og austurumdæminu¹.
 4. Þá kom til umræðu bóнарbrjef frá Snorra dýralækni Jónssyni um ríflegan styrk af jafnaðarsjóðnum til þess að rannsaka og ráða bót á bráðapest í Múlasýslunum. Var samþykkt, að veita Snorra í þessu skyni í eitt skipti 200 krónur, eins og amtmaðurinn hafði þegar veitt ádrátt um eftir tillögu landshöfðingjans, og ekkert frekar. Var svo fundi slitið.

D.

25 Fundur amtráðs norður og austurumdæmisins á Akureyri 14.—18. desember 1876.

Á fundinum voru amtmaður Chr. Christjánsson, forseti amtsráðsins, og amtsráðsmenn Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Voru þar teknir til skoðunar og rannsóknar reikningar fyrir árið 1875 yfir þjóðvegasjóði allra sýslna í umdæminu, að Skagafjarðarsýslu undanskilinni, því þaðan voru reikningarnir enn þá eigi komnir. Gjörði amtsráðið eftir nákvæma yfirskoðun fleiri eða færri athugasemdir við sjerhvern þessara reikninga, og mælti svo fyrir, að sýslumennirnir tæki þær til athugunar, þegar þeir semja reikningana fyrir 1876.

Forseti lagði fyrir amtsráðið brjef frá landshöfðingjanum, dags. 25. sept. 1875, og annað frá bæjarfógetanum á Akureyri, dags. 27. f. m. Bæði þessi brjef hljóðuðu um skipun lögregluþjóns og fangavaraðar á Akureyri, og beiddist bæjarfógetinn ákvörðunar amtsráðsins um það, hve mikla borgun greiða mætti fyrir eptirlit með fongum þeim, er settir kunna að verða í fangahúsið á Akureyri. Amtsráðinu virtist eigi þörf á að svo komnu, að ráða fastan mann til fangavaraðar, en áleit hentara, að fá mann til fangagæzlu í hvert skipti, sem á þarf að halda. Var ákveðið, að veita mætti þeim manni 2 kr. 66 aura á dag í þóknunarskyni fyrir fangagæzluna, um tímabilið frá miðjum apríl-

1) Skrá yfir yfírsetukvennaumdæmi þessi er prentuð í blaðinu „Norðanfara“ 1876, bls. 111.

mánuði til miðs októbermánaðar ár hvert, en hálfu minna, eða 1 kr. 33 aura á dag, 25
aðra tíma ársins.

Forseti gat þess, að hann eptir beiðni nokkurra merkra manna hefði ráðið Eyólf bónda Guðmundsson á Eyjarbakka í Húnavatnssýslu til að ferðast um Skagafjarðar, Eyja-
fjarðar og Þingeyjarsýslur til að skoða æðarvörp og leggja ráð á, hvernig þau megi
auka og bæta. Hafði amtmaðurinn veitt Eyólfi 100 króna styrk til ferðarinnar og þar
að auki útvegað honum og sent skógvíð fyrir 25 kr. 78 aura. Samþykkti nú amtsráðið
að báðar þessar upphæðir væru greiddar af búnaðarsjóði amtsins.

Fleiri mál urðu eigi útkljáð á þessum fundi.

E.

Fundur amtráðs norður og austurumdæmisins á Akureyri 13.—17. febrúar 1877.

26

Á fundinum voru forseti ráðsins, amtmaður Chr. Christjánsson, og amtsráðsmenn-
irnir Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Mál þau, sem fyrir komu á fundinum voru þessi:

1. Voru rannsakaðir þjóðvegajóðsreikningar Skagafjarðarsýslu fyrir árið 1875, er vantað
hafði þegar síðasti fundur var haldinn, og þótti eigi þurfa að gjöra við þá neina at-
hugasemd.
2. Rannsakaður sýslusjóðsreikningur Þingeyjarsýslu 1875.
3. Sömuleiðis sýslusjóðsreikningur Norðurmúlasýslu sama ár.
4. Enn fremur þjóðvegajóðsreikningur Þingeyjarsýslu 1876.
5. Var yfirlaust endurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu frá tveimur
nefndarfundum, 30. maí og 20.—22. júní 1876. Í sambandi þar við stóð ágrein-
ingur nokkur, er skotið hafði verið til amtsráðsins, milli hreppsnefndanna í Vind-
hælishrepp og Engihlíðarhrepp, um g a n g n a t a k m ö r k milli Skrapatungurjettar
og Landsendarjettar. Áleit amtsráðið, að úrskurður sýslunefndar Húnavetninga ætti
að gilda í þessu máli.
6. Yfirlaust endurrit af gjörðabók sýslunefndar Þingeyinga 9. júní 1876.
7. Sömuleiðis endurrit af gjörðabók sýslunefndar Eyfirðinga af fundi hennar 30. og 31.
janúar þ. á., og voru við það gjörðar ymsar athugasemdir.
8. Einnig endurrit af gjörðabók sýslunefndar Þingeyinga frá nefndarfundum 30. jan.—2.
febr. þ. á. og við það gjörðar athugasemdir. Í sambandi þar við stóð málefnið um
brúargjörð á Skjálfandafljóti. Hafði sýslunefndin áður farið fram á, að
fá styrk til þessa fyrirtækis af þjóðvegagjaldi annara sýslna í umdæminu og sam-
þykki amtsráðsins til að taka í sama tilgangi 4000 króna lán. Gat amtsráðið eigi að
svo komnu samþykkt þetta, af þeirri ástæðu, að eigi hefir enn verið gjörð nema
mjög lausleg og ónóg skoðun á brúarstöðinu og engin regluleg áætlun um kostnað-
inn, er þurfa mundi til brúargjörðarinnar.
9. Samþykkti amtsráðið sáttargjörð nokkra milli hreppsnefndarinnar í Breiðdalshrepp í
Suðurmúlasýslu og tveggja bænda í skuldamáli.
10. Var kærumáli frá oddvita hreppsnefndarinnar í Bólstaðahlíðarhrepp, um skyldu bænda
í Engihlíðarhrepp til fjallskila á Eyvindarstaðaheiði, vísað til sýslunefndar Hún-
vetninga.
11. Voru endurskoðaðir reikningar jafnaðarsjóðs norður og austurumdæmisins fyrir árin
1875 og 1876, og þar eptir samin svo látandi